



1432. fundur bæjarstjórnar verður haldinn í Miðjunni, Dalbraut 4,
þann 14.4.2026 og hefst kl: 17:00

2604-2839

Dagskrá

1. 2601-0227 - Hvalfjarðarsveit - Þjónustusamningur við Akraneskaupstað vegna bókasafns

Fyrir liggja drög að þjónustusamningi á milli Akraneskaupstaðar og Hvalfjarðarsveitar sem hefur verið til úrvinnslu í stjórnslu Akraneskaupstaðar. Bæjarráð hefur samþykkt fyrirbyggjandi samningsdrög á fundi sínum nr. 3621 þann 26. mars sl. og vísaði þeim til endanlegrar ákvörðunar í bæjarstjórn. Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar hefur samþykkt samninginn fyrir sitt leyti.

2. 2603-2037 : Stofnframlög 2026 - Brynja leigufélag ses.

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 12. mars sl. stofnframlag Akraneskaupstaðar vegna umsóknar Brynju leigufélags ses. til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar dags. 5. mars. sl. um kaup á þremur íbúðum fyrir öryrkja á Akranesi. Áætlað heildarstofnvirði íbúðanna er um 180,2 m.kr. og nemur 12% hlutur Akraneskaupstaðar um 21,6 m.kr. sem er í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun vegna ársins 2026. Bæjarráð vísaði málinu til endanlegrar ákvörðunar bæjarstjórnar Akraness.

3. 2604-2889 - Sveitarstjórnarkosningar 2026 - Lýðræðisleg þáttaka barna

Bréf umboðsmanns barna til bæjarstjórnar vegna komandi sveitarstjórnarkosninga og um mikilvægi þáttöku barna í lýðræðislegu samfélagi.

4. 2604-2898 - Sveitarstjórnarkosningar 2026

Sveitarstjórnarkosningar 2026 verða þann 16. maí nk. og er það hlutverk sveitarstjórna að ákveða fjölda og staðsetningu kjörstaða í sínu sveitarfélagi. Yfirkjörstjórn leggur til að kjörstaður að þessu sinni verði í Grundaskóla og að fjöldi kjördeild verði, samtals fjórar líkt og verið hefur undanfarin ár.

5. 2602-1207 - Reglur um innritun í grunnskóla Akraneskaupstaðar

Skóla- og frístundaráð samþykkti breytingar á reglum um innritun í grunnskóla Akraneskaupstaðar á fundi sínum 26. mars sl. og vísaði þeim til afgreiðslu bæjarstjórnar Akraness.

6. 2512-5184 : Menningarstefna Akraness undirbúningsvinna 2023

Menningar- og safnanefnd Akraneskaupstaðar samþykkti drög að uppfærðri menningarstefnu kaupstaðarins og vísaði henni til umfjöllunar hjá skóla- og frístundaráði. Skóla- og frístundaráð samþykkti stefnuna fyrir sitt leyti og vísaði til bæjarstjórnar til endanlegrar samþykktar.

7. 2603-2496 - Fundarboð - Aðalfundur Orkuveitunnar 17. apríl 2026

Aðalfundur Orkuveitunnar verður haldinn þann 17. apríl nk. kl. 13:00 og fer fundurinn fram í húsakynnum Orkuveitunnar að Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík. (fundarboð, dagskrá og fundargögn). Samkvæmt 5. gr. sameignarsamnings Orkuveitunnar er aðalfundur opinn kjörnum fulltrúum í sveitarstjórnnum eigenda sem og fjölmiðlum. Tillögu- og atkvæðarétt hafa fulltrúar í

sveitarstjórnnum eigenda, stjórn, forstjóri, endurskoðendur og formaður starfsmannfélags Orkuveitunnar. Samkvæmt 6. gr. sameignarsamnings Orkuveitunnar skal stjórn skipuð sex mönnum, fimm kjörnum af borgarstjórn Reykjavíkur og einum kjörnum af bæjarstjórn Akraness. Borgarstjórn Reykjavíkur kys formann og varaformann stjórnarinnar úr hópi fulltrúa Reykjavíkurborgar. Sveitarstjórn Borgarbyggðar skal heimilt að tilnefna einn áheyrnarfulltrúa í stjórn með málfrelsi og tillögurétt. Varamenn, jafnmargir skulu kjörnir á sama hátt og aðalmenn. Kjörtímabil stjórnarinnar er eitt ár í senn, frá aðalfundi Orkuveitunnar á viðkomandi ári til aðalfundar á næsta ári. Sveitarstjórnir skulu skv. framangreindu hafa gnefið frá kjöri stjórnar fyrir aðlafund sbr. 6. lið dagskár aðalfundar.

8. 2601-0968 - Deiliskipulag - Skógarhverfi 3C - Skógarlundur 36 - 38 - 40

Tillaga að breyttu deiliskipulagi var grenndarkynnt frá 24. febrúar til 27. mars 2026 í skipulagsgátt. Tvær umsagnir bárust án efnislegra athugasemda. Breytingin felst í að lóð nr. 36 við Skógarlund breytist úr einbýlishúsi í raðhús á einni hæð með þremur íbúðum. Þá er lóðum nr. 38 og 40 breytt þannig að þær skiptast í þrjár lóðir, nr. 38, 40 og 40a, og verður heimilt að byggja fjórar íbúðir á hverri lóð. Með breytingunni fjölga íbúðum úr 10 í 15. Nýtingarhlutfall lækkar úr 0,50 í 0,45. Breytingin felur í sér þéttingu byggðar innan íbúðarsvæðis án breytinga á megin landnotkun. Skipulags- og umhverfisráð samþykkti á fundi sínum nr. 349. þann 30. mars sl. að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja óverulega breytingu á deiliskipulagi Skógarhverfis, áfanga 3C, vegna Skógarlundar 36, 38, 40 og 40a, skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulags- og umhverfisráð felur verkefnastjóra að annast frágang gagna og birtingu breytingarinnar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni málsmeðferð í bæjarstjórn verði breytingin samþykkt.

9. 2602-1777 - Umsókn til skipulagsfulltrúa - Lækjarflói 13

Lögð er fram tillaga að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Flóahverfis vegna Lækjarflóa 13. Breytingin felst í minnkun lóðar úr 4.291 m² í 3.618 m². Ekki er gert ráð fyrir breytingum á byggingarmagni, nýtingarhlutfalli eða landnotkun. Skipulags- og umhverfisráð samþykkti á fundi sínum nr. 349. þann 30. mars sl. að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja óverulega breytingu á deiliskipulagi Flóahverfis vegna Lækjarflóa 13, skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, og birtingu í B - deild Stjórnartíðinda verði breytingin samþykkt.

10. 2602-1295 - Reglur um leigu á íbúðum Akraneskaupstaðar - endurskoðun

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum nr. 3621 þann 26. mars sl. endurskoðaðar reglur um leigu á íbúðum Akraneskaupstaðar og vísaði þeim til bæjarstjórnar til endanlegrar ákvörðunar.

11. 2601-0228 - Sementsverksmiðjan - áframhaldandi rekstur 2409322

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum nr. 3621 þann 26. mars sl. fyrirliggjandi viljayfirlýsingu, leigusamning um mannvirki og fylgigögn og vísaði málinu til bæjarstjórnar til endanlegrar ákvörðunar.

12. 2601-0072 - Skammtímadvöl á Vesturlandi

Sveitarfélögin á Vesturlandi undirbúa stofnun félags um skammtí mavistun fyrir börn í húsnæði Holts í Borgarbyggð en húsnæðið er í eigu Þroskahjálpar. Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi hafa f.h. sveitarfélaganna gert verksamning við Miðháls slf. og er markmiðið að taka saman og vinna gögn sem lögð verða fyrir sveitarstjórnir til endanlegrar ákvörðunar. Verksamningurinn er nú lagður fram til endanlegrar ákvörðunar í bæjarstjórn en áður höfðu velferðar- og mannréttindaráð og bæjarráð samþykkt samninginn fyrir sitt leyti. Gert er ráð fyrir að útgjöldunum verði mætt af fjárheimildum bæjarstjórnar á deild 21010.

13. 2603-2357 - 3621. fundur bæjarráðs

3621. fundargerð bæjarráðs frá 26. mars 2026.

14. 2603-2418 - 349. fundur skipulags- og umhverfisráðs

349. fundargerð skipulags- og umhverfisráðs frá 30. mars 2026 lögð fram til kynningar.

15. 2603-2024 - 263. fundur velferðar- og mannréttindaráðs

263. fundargerð velferðar- og mannréttindaráðs frá 24. mars 2026.

16. 2603-2044 - 281. fundur skóla- og frístundaráðs

281. fundargerð skóla- og frístundaráðs frá 26. mars 2026.

17. 2603-2698 - 282. fundur skóla- og frístundaráðs

282. fundargerð skóla- og frístundaráðs frá 8. apríl 2026.

18. 2601-0493 - Fundargerðir desember 2025 - Orkuveita Reykjavíkur

372. fundargerð stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur frá 15. desember 2025.

19. 2604-2885 - Fundargerðir janúar 2026 - Orkuveita Reykjavíkur

373. fundargerð stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur frá 26. janúar 2026.

20. 2602-1290 - Fundargerðir mars 2026 - Samband íslenskra sveitarfélaga

995. fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 10. mars 2026.

21. 2602-1290 - Fundargerðir mars 2026 - Samband íslenskra sveitarfélaga

996. fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 20. mars 2026.

22. 2602-1645 - Fundargerðir mars 2026 - Heilbrigðiseftilit Vesturlands

201. fundargerð Heilbrigðisnefndar Vesturlands frá 23. mars 2026.

Akranesi, 14. apríl 2026
Valgarður Lyngdal Jónsson